

60 tíma og skólarnir starfa á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og 27. júní ríkisstofnana, þó með þeirri undantekningu, að ekki gildi ákvæðin um hámarkstölu þá, er um getur í 3. gr. téðra laga.

3. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1941.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

61

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Við ákvörðun meðalmeðgjafa skal þess gætt í hvert sinn, að þær hækki eigi minna en nemi aukinni dýrtíð samkvæmt síðustu vísitölu kauplagsnefndar. Þó skal við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.